



## STARFSSTEFNA

### Náttúrufræðistofa Kópavogs

Fylgiskal með umsókn í Safnasjóð vegna ársins 2013

Náttúrufræðistofa Kópavogs er eign Kópavogsbæjar og starfar í samræmi við stofnskrá sem síðast var uppfærð og samþykkt af bæjarstjórn 15. september 2011.

Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs fer fram í samræmi við siðareglur ICOM (International Council of Museum) eins og þær eru kynntar hjá Íslandsdeild ICOM.

Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs má skipta í aðalatriðum í tvennt. Annars vegar er sýningarstarfsemi og almenn fræðslustörf og rannsóknir sem tengjast sýningum. Hins vegar eru grunnrannsóknir á sviði vatnalíffræði, auk þjónusturannsókna í tengslum við ýmis verkefni fyrir ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Meginhlutverk Náttúrufræðistofunnar eru tíunduð í 3. gr. stofnskrárinnar (sjá fylgiskjal). Í hnotskurn snúast þau um rannsóknir, upplýsingaþjónustu og almenningsfræðslu á sviði náttúrufræða og umhverfismála. Grunnrannsóknir í náttúruvísindum ásamt þjónustuverkefnum og ráðgjöf vegna nýtingu náttúruauðlinda fyrir ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir skipa all veigamikinn sess í starfseminni. Einnig söfnun og varðveisla á náttúrufræðilegum gögnum og heimildum. Þýðingarmikið hlutverk felst einnig í fræðslu sem á að stuðla að skynsamlegri landnýtingu og náttúruvernd.

#### *Langtímamarkmið*

Langtímamarkmið markast af meginhlutverkum Náttúrufræðistofunnar á sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 3. gr. stofnskrár). Það verður áfram meginmarkmið í starfsemi Náttúrufræðistofunnar á komandi árum að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og gagnlegt almenningi.

Sérhæfing Náttúrufræðistofunnar í rannsóknum er á sviði vatnalíffræði. Því sviði er lítið sinnt af Náttúrufræðistofnun Íslands og öðrum náttúrustofum. Rannsóknastarfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs skarast því lítið við starfsemi systurstofnana, en hver stofnun bætir aðra upp með sérhæfingu að vissu marki. Náttúrufræðistofa Kópavogs mun halda áfram að sinna vatnalíffræði og sérhæfa sig á því sviði.

#### *Skammtímamarkmið*

Til skemmri tíma, jafnan eins árs í senn, er jafnframt unnið að öðrum afmarkaðri markmiðum. Þau helstu eru; **1)** að slá nýtt aðsóknarmet (13.000 manns) árið 2013, **2)** að fá stöðugildi fyrir sérmenntaðan safnakennara, **3)** að auka samstarf við grunnskóla í Kópavogi um notkun náttúrugripasafnsins og nýta betur sérfræðiþekkingu starfsmanna á Náttúrufræðistofunni, **4)** að treysta betur rekstrargrundvöll Náttúrufræðistofunnar með því að auka vægi langtíma vöktunarverkefna í rannsóknarstarfseminni, **5)** að fá ríki til að styðja við reksturinn, líkt og ríkið gerir við allar aðrar náttúrustofur landsins, enda er starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs af sama toga og annarra náttúrustofa og þess eðlis að hún skírskotar til allrar þjóðarinnar og landsins í heild.

Um starfsstefnu Náttúrufræðistofunnar má einnig lesa í stofnskrá og söfnunar- og sýningarstefnu Náttúrufræðistofunnar.

Starfsstefna þessi er endurskoðuð og samþykkt ár hvert af næstráðandi stjórnvaldi á vegum Kópavogsbæjar, sem árið 2013 er lista- og menningarráð.